

# Að mála flísar með vatnsþynnanlegri epoxýmálningu

sikkens

## Aðferð

1. Byrja þarf að þrifa flísarnar með hreinsi- og affitunarefninu Málartvätt. Blandið Málartvätt með vatni í hlutfallinu 1:3. Berið blönduna á með svampi eða bursta. Látið blönduna liggja á fletinum í nokkrar mínútur og skrubbið af með blautri tusku eða bursta og vatni.
2. Áður málað, slétt og/eða þétt yfirborð er ráðlagt að slípa matt til að tryggja viðloðun. Mattið með sandpappír nr. 180-240 og fjarlægið síðan slípiryk. Gott er að nota límklúta í lokin þannig að allt ryk verði örugglega fjarlægt.
3. Blandið Wapex 660 stofn og herði saman af kostgæfni. Við blöndun skal nota hæggenga borvél með þeytara, á u.þ.b. 200 rpm.
4. Mikilvægt er að þynna efnið með vatni, helst ekki meira en 10% (meiri þynning fer að hafa áhrif á hulu).
5. Málið tvær umferðir með Wapex 660 eða Wapex 660 Mat. Best er að hafa ekki of stórt svæði undir í einu heldur fullakka nokkrar flísar í einu. Reynið að rúlla eða pensla þannig að skil myndist ekki með því láta rúlluna nema við fúgúlúnuna.
6. Efnið nær fullum styrk og hörku á nokkrum dögum. Forðist því að leggja mikið álag á flötinn fyrir þann tíma.



## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Gljástig:** Satíngljái eða matt

**Þurrktími við 20°C/65% raka:** Má ganga á eftir 8 klst

**Yfirmálun:** Eftir 16-72 klst. Flötur nær fullum slitstyrk eftir minnst 7 daga

**Þynning:** Vatn; fyrsta umferð 10%, næstu umferðir mest 3%

**Verkfæri:** Penslar, rúllur

**Blöndunarhlutfall:** Þáttur A (stofn) 80% af rúmmáli. Þáttur B (herðir) 20% af rúmmáli

**Þekja:** 10 m<sup>2</sup>/l í umferð. Málningarmagn og þekja fer töluvert eftir undirlagi

Athugið að notkunartími við 20°C er um 90 mínútur (Wapex 660) og um 60 mínútur (Wapex 660 Mat) eftir samblöndun stofns og herðis (þættir A og B). Við 30°C lækkar notkunartími í um 45/30 mínútur. Eftir þennan tíma er varan ekki lengur nothæf. Merki um að svo sé má sjá á aukinni seigju og að efnið byrji að skilja sig. ATH. Varist alla snertingu efnisins við húð.

**\*Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.**

## Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík | 517 0404 | serefni.is